

stefnda að greiða vexti af hinum dæmdu fjárhæðum, eins og krafizt er, en þó aðeins frá stefnudegi.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda Matthildi kr. 2000.00 í málskostnað, en stefnanda Kjartani kr. 800.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda Matthildi Halldórsdóttur kr. 30 000.00 með 5% ársvöxtum frá 11. desember 1944 til greiðsludags og kr. 2000.00 í málskostnað.

Stefndi greiði stefnanda Kjartani Jakobssyni kr. 10 000.00 með 5% ársvöxtum frá 11. desember 1944 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. desember 1946.

Nr. 31/1946. **Kaupfélag Siglfirðinga**

(Hrl. Egill Sigurgeirsson)

gegn

Útibúi Útvegsbanka Íslands h/f á Siglufirði

(Hrl. Lárus Fjeldsted)

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Vixilréttur glataður vegna vangeymslu.

Dómur hæstaréttar.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 25. febrúar þ. á., krefst þess, að hann verði algerlega sýknaður og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Á aðalfundi Kaupfélags Siglfirðinga hinn 21. júní 1945

breytti mikill meirihluti fulltrúa samþykktum kaupfélagsins þannig, að stjórnin skyldi framvegis skipuð sjö mönnum í stað fimm. Jafnframt kaus sami meirihluti fulltrúa nýja stjórnarmenn, felldi úr gildi umboð fyrri stjórnar til meðferðar á málum kaupfélagsins, og veitti hin nýja stjórn Jóhanni Þorvaldssyni prókúruumboð fyrir kaupfélagið. Samdægurs var breytingin á samþykktum félagsins, niðurfall á umboði fyrri stjórnar, kosning hinnar nýju stjórnar svo og prókúruumboð Jóhanns Þorvaldssonar tilkynnt til firmaskrár Siglufjarðar, og fór skrásetning fram daginn eftir, en ekki var þá framkvæmd birting þessara ákvarðana í Lögbirtingablaðinu.

Mikil barátta hafði staðið um yfirráðin í kaupfélaginu, áður en þessar breytingar á stjórnarhöfum þess voru samþykktar. Fyrri stjórn kaupfélagsins vildi nú ekki hlíta þessum ráðstöfunum aðalfundar og láta af stjórn kaupfélagsins, heldur tilkynnti hún 21. júní til firmaskrárinnar nokkur mannaskipti í stjórninni, og hinn 10. júlí tilkynnti fyrri stjórnin enn til firmaskrárinnar, að Má Einarssyni hefði verið veitt prókúkúruumboð fyrir félagið. Fór skráning um þetta fram 11. s. m., en ekki var skráning þessi heldur birt þá í Lögbirtingablaði. Var nú málum komið svo, að bæði hin nýja og hin fyrri stjórn höfðu látið skrásetja hvor sína yfirlýsingu um það, hver væri prókúruhafi kaupfélagsins. Hinn 11. júlí s. á. krafðist stjórn, sem kosin var af meiri hluta fulltrúa hinn 21. júní, aðstoðar fógeta til að ná í sínar hendur bókum og eignum félagsins, og tók fógeti þessar kröfur til greina með úrskurði 6. sept. 1945. Var sá úrskurður staðfestur í hæstarétti 11. febrúar 1946.

Hinn 13. júlí 1944 gaf kaupfélag Siglfirðinga út vixil, að fjárhæð kr. 30000.00, sem samþykktur var af h/f Gilslaugu. Þáverandi framkvæmdarstjóri h/f Gilslaugar hefur í máli þessu gefið vottorð þess efnis, að fjárhæð vixils þessa, sem seldur var stefnda, hafi gengið til greiðslu vixils, er kaupfélagið skuldaði sparisjóði Siglufjarðar, en vixilskuldin við sparisjóðinn hafi átt rót sína að rekja til „útborgana kaupfélags Siglfirðinga vegna h/f Gilslaugar“. Vixill sá, sem gefinn var út 13. júlí 1944 og nú var greindur, féll í gjalddaga

hinn 13. janúar 1945. Var hann síðan framlengdur tvisvar og féll síðast í gjalddaga 12. júlí 1945. Hinn 13. s. m. ritaði Már Einarsson yfirlýsingu á víxilinn þess efnis, að kaupfélag Siglfirðinga félli frá afsögn hans, og var hann ekki afsagður.

Már var ekki bær að lögum til að gera þenna löggerning, þar sem honum hafði ekki verið veitt lögleg prókúra. Er þá athugamál, hvort fyrirvarsmaður stefnda hafi unnið stefnda til handa rétt fyrir nokkurs konar traustnám, sem kynni að hafa orðið, ef prókúra Mús hefði verið birt í Lögbirtingablaði, svo sem mælt er í 7. gr. laga nr. 42/1903 og 17. gr. laga nr. 46/1937, og fyrirvarsmaður stefnda hefði mátt vera grandlaus um heimild Mús til að binda kaupfélagið. Nú var prókúra Mús, sem veitt var eftir kosningu nýju stjórnarinnar, ekki birt í Lögbirtingablaði, en um gildi prókúru Mús skiptir ekki máli, þótt umboð einhverra eldri stjórnarnefndarmanna, er sviptir voru umboði á fundinum 21. júní, hafi verið birt fyrir þann fund. Grandleysi fyrirvarsmanns stefnda, er við Má skipti, getur ekki verið til að dreifa, þar sem alkunna var á Siglufirði í júlí 1945, hver átök þá voru um stjórn Kaupfélags Siglfirðinga og að meirihluti fulltrúa hafði á aðalfundi kosið nýja stjórnarnefndarmenn handa kaupfélaginu. Mátti því fyrirvarsmönnum stefnda vera þetta kunnugt og var þeim því ærið efni til að athuga firmaskrá kaupstaðarins, en í hana hafði verið skrásett umboð nýju stjórnarinnar og prókúruhafa hennar Jóhanns Þorvaldssonar. Hefði rannsókn á firmaskrá þessari því fært fyrirvarsmanni stefnda heim sanninn um það, að prókúru Mús var ekki treystandi. Loks verður ekki séð, að hin nýja stjórn kaupfélagsins hafi í verki á neinn hátt bundið sig við löggerning Mús fyrir hönd kaupfélagsins. Nýja stjórnin gerði það, sem eðlilegast var til að reka réttar síns. Hún bað um aðstoð fógeta hinn 11. júlí 1945, svo sem áður segir, til að fá í sínar hendur bækur og eignir kaupfélagsins og fylgdi því máli fram.

Þegar þessi atvik og atriði eru virt, verður ekki talið, að Kaupfélag Siglfirðinga hafi orðið bundið af yfirlýsingu Mús Einarssonar um, að niður mætti falla afsögn á víxlinum.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, hefur vixilréttur stefnda á hendur áfrýjanda liðið undir lok vegna vangeymslu, sbr. 53. gr. víxillaga nr. 93/1933. Fyrirsvarismaður stefnda hefur breyft því í málsskýringarskjali, að kröfu hans um greiðslu fjárhæðar þeirrar, sem í vixlinum greinir, mætti til vara reisa á 74. gr. laga nr. 93/1933, ef vixilréttur væri glataður. Mál þetta hefur hann, sem er ólögfróður, samt einungis höfðað samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936 og hvorki leitt nægilega í ljós atvik málsins né reifað það svo, að dæmt verði, hvort krafa hans eigi stoð í 74. gr. nefndra laga. Þar sem málalítilbúnaði, atburðalýsing og framsögu sakar er svo háttað, sem nú var lýst, þykir verða að ómerkja málsmeðferð í héraði og dóm héraðsdómara og vísa málinu frá undirrétti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Meðferð máls þessa í héraði svo og hinn áfrýjaði dómur eiga að vera ómerk, og visast málinu frá héraðsdómi.

Málskostnaður í hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Guðmundur Hannesson, bæjarfógeti á Siglufirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. febrúar þ. á. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati hæstaréttar.

Á aðalfundi Kaupfélags Siglufirðinga 21. júní 1945 var kjörin ný félagsstjórn af meirihluta fulltrúa. Áður kjörin stjórn félagsins og sá minnihluti fulltrúa, er henni fylgdu að mál-

um, töldu kosningu nýju stjórnarinnar af ýmsum sökum ólögmæta og neituðu að afhenda henni umráð félagsins.

Nýja stjórnin veitti tilteknum manni prókúruumboð fyrir félagið 21. júní 1945, og samdægurs tilkynnti hún kosningu sína og prókúruna til samvinnufélagaskrár á Siglufirði. Tilkynningarnar voru skrásettar daginn eftir, en ekki voru þær birtar í Lögbirtingablaðinu samkvæmt 15. gr. laga um samvinnufélög nr 46/1937.

Eldri stjórnin hélt rekstri félagsins áfram, og hinn 10. júlí 1945 réð hún nýjan kaupfélagsstjóra, Må Einarsson, og veitti honum prókúruumboð fyrir félagið, sem tilkynnt var til samvinnufélagaskrár daginn eftir. Þann sama dag, þ. e. 11. júlí 1945, krefst nýja stjórnin þess í bréfi til fógeta, að henni verði fengin í hendur umráð félagsins með innsetningargerð. Var innsetningarmálið síðan rekið fyrir fógetarétti, og þann 6. sept. 1945 féll úrskurður fógeta á þá leið, að innsetningargerðin skyldi fara fram. Tók nýja stjórnin nokkru síðar við rekstri félagsins. Eldri stjórnin skaut málinu til hæstaréttar, en með dómi hans 11. febrúar 1946 var fógetaúrskurðurinn staðfestur.

Víxill sá, er í máli þessu greinir, að fjárhæð kr. 30 000.00, er gefinn út 12. júní 1945 af áfrýjanda á hendur hlutafélaginu Gilslaugu og samþykktur af því til greiðslu 12. júlí 1945. Hafði stefndi fengið víxilinn til framlengingar eldra víxli sömu fjárhæðar og með sömu víxilskuldurum. Víxillinn var ekki greiddur, er hann féll í gjalddaga. Daginn eftir, 13. júlí, ritaði fyrr nefndur Már Einarsson á víxilinn, að af hálfu kaupfélagsins væri fallið frá afsögn á honum. Fór þessi áritun fram í samráði við útibústjóra Útvegsbankans á Siglufirði. Stefndi höfðaði síðan mál þetta í héraði á hendur h/f Gilslaugu og áfrýjanda til heimtu víxilfjárhæðarinnar. Í málinu hafði áfrýjandi uppi þá mótbáru, að víxilrétturinn væri glataður gagnvart honum, þar sem víxillinn hefði ekki verið afsagður, en Már Einarsson hafi ekki verið bær um að falla frá afsögn af félagsins hálfu, þar sem ólögmæt hafi verið stjórn sú, er að baki honum stóð og veitt hafði honum prókúruumboðið. Hér fyrir dómi reisir áfrýjandi kröfur sínar á þessari sömu málsástæðu.

Það er ágreiningslaust í málinu, að eldri stjórn kaupfélagsins hafði verið lögmæt stjórn þess, unz nýja stjórnin var kjörin. Hinn 13. júlí 1945, er fallið var frá afsögn á vixlinum, hafði ekki verið birt í Lögbirtingablaði tilkynning um stjórnarskiptin, og hafði eldri stjórn félagsins því enn formlega heimild til að koma fram fyrir hönd þess og gat bundið það gagnvart þeim, er hvorki vissu né áttu að vita um heimildarbrest hennar, sbr. 17. gr. laga nr. 46/1937. Gegn mótmælum útibústjóra Útvegsbankans á Siglufirði er ekki sannað, að honum hafi á greindum tíma verið kunnugt um tilkynningu nýju stjórnarinnar til samvinnufélagaskrár, en sönnunarbyrði, um að hann hafi haft vitneskju um skrásetninguna, hvílir á áfrýjanda, sbr. 17. gr. laga nr. 46/1937 og 7. gr. laga nr. 42/1903. Ekkert er heldur upp komið í málinu um það, að útibústjórinn hafi þá vitað um innsetningarbeiðni nýju stjórnarinnar í bréfi til fógeta 11. júlí 1945 né að honum hafi á annan hátt verið kunnugt um heimildarbrest eldri stjórnarinnar til að koma fram fyrir hönd félagsins. Að visu mun ágreiningurinn á aðalfundi félagsins 21. júní hafa verið alkunna á Siglufirði á þeim tíma, sem hér skiptir máli, en ekki verður til þess ætlast, að almenníngi hafi mátt vera ljóst, hvor deiluaðilinn hafði þar meira til sins máls. Þegar þess er einnig gætt, að eldri stjórnin fór enn með rekstur félagsins, þegar oftnefnd yfirlýsing var skráð á vixilinn, og að yfirlýsinguna má telja eðlilega framkvæmd í rekstri þess, þykir útibústjórnin ekki hafa sýnt þá ógætni með viðtöku hennar, að varða eigi brottfalli vixilskyldu áfrýjanda. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að því leyti sem áfrýjanda er dæmt að greiða stefnda víxilfjárhæðina ásamt vöxtum og þóknun af fjárhæðinni. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Kaupfélag Siglufirðinga, greiði stefnda, útibúi Útvegsbanka Íslands h/f, Siglufirði, kr. 30000.00

ásamt 6% ársvöxtum frá 12. júlí 1945 til greiðsludags og $\frac{1}{3}\%$ víxilfjárhæðarinnar í þóknun.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Siglufjarðar 12. febrúar 1946.

Með stefnu, dags. 19. nóvember s. l., krefst stefnandinn, Hafliði Helgason útibúsbankastjóri, Siglufirði, f. h. Útvegsbanka Íslands h/f, Siglufirði, að stefndu, h/f Gilslaug og Kaupfélag Siglufirðinga, verði dæmd til þess að greiða honum víxilupphæð, kr. 30000.00, samkvæmt víxli, samþykktum af h/f Gilslaugu með gjalddaga 12. júlí 1945, en útgefnum og ábeztum af þáverandi kaupfélagsstjóra Kaupfélags Siglufirðinga f. h. kaupfélagsins.

Er krafizt í stefnunni, að hlutafélagið og kaupfélagið verði dæmd in solidum til greiðslu téðrar víxilupphæðar með 6% ársvöxtum frá gjalddaga — 12. júlí 1945 — $\frac{1}{3}\%$ þóknunar af víxilupphæðinni og málskostnaðar eftir reikningi eða mati réttarins, en í málflutningnum er málskostnaður krafizt með kr. 3081.60.

H/f Gilslaug hefur eigi mætt né látið mæta, og verður því að dæma hlutafélagið til greiðslu víxilupphæðarinnar með 6% vöxtum frá 12. júlí 1945 og $\frac{1}{3}\%$ af víxilupphæðinni og málskostnað, sem álizt hæfilegur 1000 krónur.

Kaupfélag Siglufirðinga hefur látið mæta í málinu og krafizt sýknu, en 1000 króna í málskostnað af stefnanda.

Málsástæður þær, er stefnt kaupfélag flytur fram sér til sýknu, eru á þessa leið.

Vixillinn féll í gjalddaga 12. júlí s. l. Þá fór Már Einarsson, ólöglega kosinn, með kaupfélagsstjórarastarf í kaupfélaginu og féll frá afsögn víxilsins (13. s. m.). En með úrskurði fógetaréttar Siglufjarðar 6. sept. s. l. sé honum hrundið sem kaupfélagsstjóra og öll umráð yfir kaupfélaginu af honum tekin. Því sé með úrskurði þessum slegið föstu, að hann hafi verið ólöglega kosinn kaupfélagsstjóri. Séu því verk hans, eins og það að falla frá afsögn á víxli, með öllu ógild, og beri því að skoða víxillinn sem óafsagðan og víxilréttinn því fallinn fyrir vangezlu, fyrir vantandi afsögn, og af því beri að sýkna útgefandann (og ábeking, kaupfélagið) af dómkröfunni.

Krefst stefnt kaupfélag sýknu og 1000 kr. í málskostnað.

Stefnandinn mótmælir þessu og bendir á, að Már Einarsson hafi verið tilkynntur til firmaskrár Siglufjarðar sem kaupfélagsstjóri án

nokkurrar athugasemdar frá bæjarfógetaembættinu, sem meira að segja hafi kvittað athugasemdalaust fyrir greiðslu fyrir firmatilkynninguna. Hafi stefnandi því ekki annað vitað en hinn tilkynnti væri löglegur kaupfélagsstjóri og því tekið gilt fráfall hans frá af-sögn.

Eftir samvinnufélagaskrá Siglufjarðar var 19. júní tilkynnt til skrárinnar, að Guðbrandi Magnússyni hafi verið veitt prókúruumboð, og hefur hann það til 10. júlí, er það er tilkynnt til firmaskrár og skrásett daginn eftir, að Már Einarsson hafi fengið prókúruumboð.

Þann 21. júní er tilkynnt og skrásett sú stjórn, sem kaus Má Einarsson fyrir kaupfélagsstjóra.

Þann 22. júní er tilkynnt og skrásett sú kaupfélagsstjórn, sem með fyrrgreindum fógetaúrskurði voru afhent yfirráðin yfir kaupfélaginu úr höndum Mås og þeirrar kaupfélagsstjórnar, sem kosið hafði hann fyrir kaupfélagsstjóra, en 21. júní hafði Jóhanni Þorvaldssyni verið veitt prókúruumboð fyrir kaupfélagið, en prókúruumboð Guðbrands Magnússonar afturkallað, og var það tilkynnt og skrásett 22. júní, sem fyrr segir. Voru báðar þessar tilkynningar sendar 22. júní til birtingar í Lögbirtingablaðinu.

Bæjarfógetaembættið er þarna aðeins skrásetjari, sem skylt er að skrásetja tilkynningar, og engin afstaða tekin við skrásetninguna um lögmati tilkynningarinnar. Það er dómstólamál, svo að stefnandi getur engan rétt byggt á, að skrásetningunni hafi ekki fylgt athugasemd frá embættinu, auk þess sem það kemur ekki í ljós fyrr en daginn eftir, að efni tilkynningar um Má Einarsson og hans kaupfélagsstjórn sé véfengd og önnur kaupfélagsstjórn kosin. En eftir 21. júní var það nótóriskt í Siglufirði, að deilt var innan Kaupfélags Siglufirðinga um, hvor stjórnin væri lögleg og hvor hefði réttilega prókúruumboð.

Gat það sízt farið fram hjá stefnanda sem lánveitanda (stefnda), er sérstakan áhuga hlaut að hafa á því, hvor deiluaðilja færi með lögleg völd og gæti skuldbundið kaupfélagið, enda er því sérstaklega haldið fram af stefndu, en ekki sérstaklega mótmælt af stefnanda, að stefnandi hafi vitað, að Jóhanni Þorvaldssyni hafi af hinum deiluaðiljanum í kaupfélaginu verið veitt prókúruumboð.

Af stefnda hálfu er þrátt fyrir bendingu dómarans ekkert upplýst um, hvort útgefandi vixilsins hafi haft leyfi til þess að skuldbinda kaupfélagið til vixilábyrgðar samkvæmt framlögðum vixli, er fremur virðist vera ábyrgðarvixill fyrir samþykkinganda, en ekki vixill tekinn vegna kaupfélagsins sjálfs. En þetta o. fl. um vixilinn hefur ekki verið upplýst fyllilega.

En vegna þessarar afstöðu stefnda verður að ganga út frá, að við útgáfu vixilsins, þótt ábyrgðarvixill væri, sé ekkert að athuga af hálfu stefnda.

Öll málsvörn stefnda er á þá leið, að kaupfélagið sé laust við vixilábyrgðina, af því að vixillinn hafi ekki verið afsagður, en fallið frá afsögn vixilsins af ólöglegum kaupfélagsstjóra, sem heldur hafði ekkert löglegt prókúruumboð. Með hæstaréttardómi í gær, sem beðið hefur verið eftir að kveða upp dóm í þessu máli, er því slegið föstu, að stjórn, sem kaus Má fyrir kaupfélagssjóra, hafi ekki verið lögleg og Már þá eigi löglegur kaupfélagsstjóri.

Már Einarsson fellur frá afsögn vixilsins 13. júlí og undirritar þá yfirlýsingu pr. pr. Kaupfélag Siglfirðinga með prókúrustimpli félagsins. 13. júlí er enginn starfandi kaupfélagsstjóri í kaupfélaginu nema Már Einarsson.

Hins vegar verður að telja, að ekki þurfi prókúruumboð til þess að falla frá afsögn vixilsins. Að vísu gætir nokkurrar vangæzlu hjá stefnanda, sem hlaut að vita um deilurnar innan kaupfélagsins, en hann hefur að sjálfsögðu gert það í þágu kaupfélagsins sjálfs að láta eigi afsegja vixilinn.

Er ólöglegur kaupfélagsstjóri bær um gagnvart kaupfélaginu, svo bindandi sé fyrir það, að koma í veg fyrir ímynduð, ef ekki sennileg, lántraustsspjöll kaupfélagsins, koma í veg fyrir afsögn vixilsins með í þágu félagsins að falla frá afsögn hans.

Verður að telja einasta starfandi kaupfélagsstjóranum, þótt ólöglegur sé, slikt leyfilegt, a. m. k. sem óbeðnum negotiorum gestor í þágu kaupfélagsins.

Þá var enginn annar kaupfélagsstjóri, og þótt annar hefði prókúruumboð, gegndi hann ekki kaupfélagsstjórastörfum.

Verður því að telja það réttmæta ráðstöfun, eins og önnur tilfallandi störf kaupfélagsstjórans, sem hann óatalið gegndi, unz með útburðargerð var gerður endi á kaupfélagsstjórastöðu hans, að fallið var frá afsögn vixilsins af hálfu kaupfélagsins. Þegar það er athugað, hvað gerzt hefði, ef ekki hefði verið fallið frá afsögn, sem sé afsögn framkvæmd, er engin ástæða til þess að ætla, að ekki hefði verið fallið frá afsögn, hver, sem hefði verið kaupfélagsstjóri, og gerir það fráfall afsagnar því eðlilegra verk hins starfandi kaupfélagsstjóra, þótt ólöglegur væri, sem yrði þá a. m. k. óbeðinn negotiorum gestor.

Verður því að telja rétt að dæma kaupfélagið til greiðslu á vixlinum in solidum ásamt samþykkjanda með umstefndum vöxtum og kostnaði.

Í málskostnað verður að telja hæfilegt, að stefndu greiði in solidum 1000 krónur.

Fyrir því dæmist rétt vera:

Stefndu, h/f Gilslaug og Kaupfélag Siglfirðinga, bæði Siglufirði, greiði in solidum stefnanda, útibússtjóra Hafliða Helgasyni, Siglufirði, f. h. Útvegsbanka Íslands h/f, umstefnda 30000

kr. vixilskuld með 6% ársvöxtum frá 12. júlí 1945, $\frac{1}{2}$ % þóknunar af vixilupphæðinni og 1000 krónur í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 3ja daga frá lögbertingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. desember 1946.

Nr. 30/1946. Póst- og símamálastjóri f. h. ríkissjóðs

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs

(Tómas Jónsson cand. jur.).

Setudómarar hrl. Hermann Jónasson og
próf. Ólafur Lárusson í stað hrd. Árna
Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörns-
sonar.

Skýring á 6. og 7. gr. laga nr. 22/1945.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 25. febrúar þ. á., krefst þess, að stefnda verði dæmt skylt að greiða frá 1. marz 1945 7% sérleyfisgjald samkvæmt 6. gr. laga nr. 22/1945 af sölu farmiða í strætisvögnum Reykjavíkur, aðallega á öllum ferðum vagnanna, en til vara á ferðum þeirra á milli endastöðva á leiðinni Reykjavík—Lækjarbotnar. Þá krefst áfrýjandi og þess, að stefnda verði dæmt skylt að láta áfrýjanda í té skýrslur um akstur strætisvagna Reykjavíkur samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 78/1936. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í lögum nr. 22/1945 er glögggt greint annars vegar milli einkaleyfis, sem veitt skal kaupstöðum til fólksflutninga með strætisvögnum innan kaupstaðar, og hins vegar sérleyfa og undanþáguheimildar til fólksflutninga á lang-